

Uppbyggingarsjóður Norðurlands vestra

Úthlutunarnefnd

Fundargerð

38. fundur nýrrar sex manna úthlutunarnefndar Uppbyggingarsjóðs Norðurlands vestra haldinn þriðjudaginn 18.11. 2025 kl. 10:00 á Teams.

Allir nefndarmenn voru mættir; Jóhann Albertsson formaður, Bjarni Gaukur Sigurðsson, Katharina Schneider, Hjörtur Smárason, Huguína Sif og Þórhildur M. Jónsdóttir.

Einnig sátu fundinn starfsmenn SSVN þau Berglind Björnsdóttir og Guðlaugur Skúlason sem stýrði fundi.

Nefndarfolk var boðið velkomið til starfa og var fyrsta verk að senda inn kennitölur sínar þannig að hægt væri að skrá þau inn í matsumhverfið. Einnig voru þau öll beðin um að senda inn upplýsingar um banka og lífeyrissjóð.

Dagskrá fundarins:

1. Starfsreglur úthlutunarnefndar

Farið var yfir starfsreglur úthlutunarnefndar

2. Úthlutunarreglur og matsblað f. 2026

Farið yfir helstu reglur og nýtt matsblað. Þetta er í fyrsta sinn sem SSVN notar þetta matsblað, það var tekið upp við samræmingu landshlutasamtakanna og flutnings sjóðsins yfir til Rannís.

3. Hæfi/vanhæfi fulltrúa í nefndinni

Nefndarfolk hafði sent yfirlit til SSVN yfir ætlað vanhæfi. Farið var yfir listann og aðeins bættist við eftir þá yfirferð.

Vanhæfi er sem hér segir:

Jóhann, umsókn nr. 250146
Bjarni Gaukur, umsókn nr. 250136
Katharina, umsóknir nr. 250177, 250102, 250141, 250153
Hjörtur, umsókn nr. 250254
Huguína Sif, umsókn nr. 250152
Þórhildur, umsókn nr. 250249, 250094, 250191
Að auki nefndi Berglind tengingu við umsókn nr. 250171

4. Umsóknir til yfirlestrar

Alls bárust sjóðnum 100 umsóknir að þessu sinni; 44 til verkefna tengdum atvinnuþróun og nýsköpun, 13 umsóknir um stofn- og rekstrarstyrki og 43 til menningar- og samfélagsverkefna. Starfsfólk SSNV var búið að skipta umsóknum á milli nefndarmeðlima þannig að hver umsókn er lesin af tveimur, farið var yfir skiptinguna án efnislegrar umfjöllunar.

5. Verkferlar við mat á umsóknum

Farið var yfir verkferla við mat á umsóknum og matsumhverfið skoðað. Góðum tíma varið í þennan þátt þar sem allt er nýtt; nefndarfólk, rafrænt matsblað og umhverfi sjóðsins í kerfi Rannís.

6. Dagsetningar næstu funda

Nefndarfólk þarf að vera búið að skila af sér lestri miðvikudaginn 3.12. til að starfsfólk SSNV geti undirbúið næsta fund.

Annar fundur nefndarinnar verður haldinn föstudaginn 5. desember kl. 9.

Þriðji fundur mánudaginn 8. desember og fjórði föstudaginn 12. desember.

Allir verða fundirnir haldnir á Teams.

7. Önnur mál

Engin önnur mál rædd.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:00.

Berglind Björnsdóttir

Fundarritari